

FUNDUR MEÐ ÞINGMÖNNUM NA-KJÖRDÆMIS

Punktur vegna fundar með þingmönnum í kjördæmaviku, haldinn í fjarfundi þann 15.02 2022

Samgöngur


Staða Fjallabyggðar er nokkuð önnur en margra annarra sveitarfélaga þegar kemur að samgöngum. Bæði fyrir þá staðreynd að í sveitarfélaginu eru fern jarðgöng en einnig sakir þess að helstu samgönguleiðir inn og út úr sveitarfélaginu eru háðar einbreiðum göngum sem bæði leiða til vega hvar á veturnum er viðvarandi snjóflóðahætta. Þessu til til viðbótar er leiðin frá Siglufirði yfir í Fljót í afar bágbornu ástandi m.a. vegna sigs á vegi.

Fyrirnefnd göng eru Strákagöng sem liggja milli Fljóta og Siglufjarðar, (800 m. opnuð 1967), Múlagöng sem liggja milli Dalvíkurbyggðar og Ólafsfjarðar (3.400 m. opnuð 1990) og Héðinsfjarðargöng sem eru í tvennu lagi, Ólafsfjörður- Héðinsfjörður (7.100 m.) og Héðinsfjörður-Siglufjörður (3.900 m.). Héðinsfjarðargöng eru tvíbreið en Strákagöng og Múlagöng eru einbreið með útskotum til mætinga.

Ljóst er að opnun Héðinsfjarðarganga 2010 hefur reynst þróun Fjallabyggðar afar vel. Það sést meðal annars á þróun mannfjölda í sveitarfélaginu frá þessum tíma. Við skoðun á mannfjöldaþróun áratuginna fyrir opnun ganganna og síðan árin eftir opnun má sjá með skýrum hætti að sú viðvarandi fólksfækkun sem var til staðar fyrir opnun stöðvaðist alfarið með tilkomu ganganna. Þessar staðreyndir draga fram þá skýru mynd að óöruggar og erfiðar samgöngur til út úr sveitarfélaginu eru afar takmarkandi og mikið haft fyrir framþróun sveitarfélagsins, bæði samfélagslega og atvinnulega. Þetta er staðreynd sem verður að taka mið af varðandi allar ákvarðanir til framtíðar.

Í þessu samhengi er einnig vert að benda á tiltekin þátt sem samkvæmt rannsóknum hefur umtalsverð áhrif á öryggisupplifun íbúa og þar með val á búsetu. Það er óttinn við slæma og hættulega vegi. Sá ótti er raunverulegur. Slíkur ótti skerðir ferðafrelsi og dregur úr lífsgæðum, þ.m.t. möguleikum á atvinnu- og þjónustusókn. Hann getur líka spillt fyrir öðrum möguleikum í byggðarlagi, svo sem líkum á að ný starfsemi hefji starfsemi á sama tíma sem slíkur ótti er haft á mögulega þróun ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Í rannsóknum hefur komið fram að 39-44% kvenna og 15-19% karla finna fyrir frekar eða mjög miklum ótta eða kvíða við að keyra um Ólafsfjarðarveg eða Siglufjarðarveg að vetrarlagi. Slíkar upplifanir eru fátíðari á sumrin og í einbreiðu göngunum á svæðinu. Þannig finna 4-8% karla og 8-13% kvenna fyrir frekar eða mjög miklum ótta eða kvíða við að aka þessa vegi að sumarlagi eða um Múla- eða Stráka-gögnin.



Í ljósi ofangreinds vil ég fjalla aðeins nánar um þau göng sem ráða miklu um samgöngur til og frá Fjallabyggð.

Siglufjarðargöng

Strákagöng voru opnuð árið 1967 og eru ljóslega barn síns tíma. Auk þessa er vegurinn vestur af göngunum í alsendis óviðunandi ástandi og hættulegur. Þar er mikið um jarðvegssig, vegurinn er snjóþungur og viðvarandi hætta er til staðar á grjóthruni og snjóflóðum. Mikill kostnaður er því samfara að halda veginum opnum hvort sem er að vori, sumri, hausti eða vetri. Vert er að geta þess að nú er svo komið að Vegagerðin er með ástand vegarins undir daglegu eftirliti, þ.e. vegurinn er ekinn af eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar með það að markmiði að athuga hvort hann sé fær til aksturs.

Staðreyndin er sú að ekkert nútímasamfélag getur unað við það óryggi sem Strákagöng og vegurinn um Mánárskriður og Almenna bjóða upp á og ekki erfitt að færa rök fyrir því að ástandið sé heftandi fyrir samfélagið á Tröllaskaga, ef hugmyndin er sú að samfélagið hér í Fjallabyggð eigi að eiga möguleika á því að viðhalda áfram þeirri jákvæðu þróun sem verið hefur undanfarin ár.

Að mati heimamanna og annarra sem til þekkja þá er hin varanlega lausn í vegasamgöngum frá Siglufirði til vesturs gerð jarðganga úr Hólsdal yfir í Fljót. Þetta hefur m.a. komið fram í umræðum á Alþingi og einnig verið mat Vegagerðarinnar að það sé sá kostur sem stefna beri að. Slík göng myndu auk þess að leysa framangreindan vanda við núverandi vegsamband vestur úr Fjallabyggð um Fljótin og stytta vegalengdina milli Siglufjarðar og Ketiláss um 15 km. Framkvæmdin myndi því án efa einnig styrkja og efla byggð í Fljótum.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að þingmenn kjördæmisins sameinist um að áfram verði haldið við hönnun jarðganga frá Siglufirði yfir í Fljót. Grunnur að þeirri hönnun hefur verið lagður með forathugun sem unnin var af Vegagerðinni á árunum 2017 til 2018 og greinargerð sem lokið var við í mars 2020.

Múlagöng

Lengi hefur verið vitað að Múlagöng standast ekki lágmarkskröfur nútímans um öryggi jarðganga, ásamt að þau anna á engan hátt þeirri umferð sem um veginn fer. Í göngunum eru tíðar tafir vegna umferðarenda má lítið útaf bregða til þess að göngin lokist tímabundið. Þá liggur fyrir að fólk veigrar sér við að aka göngin, einkum að vetri til, vegna þess að fólk upplifir sig ekki öruggt í gögnunum.

Það er að mati bæjarstjórnar Fjallabyggðar nauðsynlegt að ráðist verði í úrbætur hið fyrsta. Þar hefur tvennt verið nefnt og skoðað. Annars vegar að breikka Múlagöngin og byggja vegskála á snjóflóða-svæðinu í Múlanum. Hinsvegar hefur verið skoðað að byggja ný göng frá Ólafsfirði yfir til Dalvíkur, samtals 8,8 km. að vegskálum meðtöldum. Austari munni gangnanna yrði skammt norðan við Karlsá og vestari munni rétt innan við Burstabrekkuá í Ólafsfirði.

Lagt er til að þingmenn kjördæmisins leggist á eitt um að koma þessum málum áfram. Fyrsti áfangi í því er að mati Fjallabyggðar að lokið verði við uppfærslu skýrslu Vegagerðarinnar, Ólafsfjarðarvegur (82), Dalvík – Ólafsfjörður sem birt var í febrúar 2012.

Rekstur hjúkrunarheimilis

Um langa hríð hafa rekstrarerfiðleikar hjúkrunarheimila verið til umræðu og ljóst að þar er einfaldlega vitlaust gefið hvað varðar greiðslumódel það sem unnið er eftir. Fyrir liggur að mörg sveitarfélög hafa um langa hríð þurft að greiða verulegar fjárhæðir með rekstri heimila. Um er að ræða rekstur sem má um margt líkja við verktöku þar sem verktaki, þ.e. sveitarfélagið tekur að sér þjónustu gegn greiðslu en verkkaupi, þ.e. ríkið, ákveður upphæð greiðslunnar, umfang þjónustunnar og aðrar leikreglur að mestu eða öllu einhliða. Það liggur fyrir að þetta fyrirkomulag getur ekki varað til framtíðar sökum þess hve ranglega er gefið og leikreglurnar einhliða. Eitt af því sem sérstaklega þarf að taka á er greiðslufyrirkomulag fyrir tímabundið ónotuð rúm sem og greiðslur fyrir rúm sem eru skilgreind sem dvalarrými. Ljóst má vera að í mörgum tilvikum er íbúi í dvalarrými að njóta þjónustu sem er í flestu sambærileg og veitt er í hjúkrunarrými en greiðsla ríkisins fyrir þjónustuna er miklu mun lægri.

Lagt er til að þingmenn beiti sér fyrir því að greiðslumódel hjúkrunarheimila verði endurskoðað að sú endurskoðun taki mið af kröfulýsingu landlæknis og breytilegu rekstrarumhverfi heimila út frá staðsetningu og upptökusvæði.

Flutningur starfa

Í stefnumarkandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 til 2024 voru sett fram þau viðmið að 5% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum verði án sérstakrar staðsetningar fyrir árslok 2019 og í árslok 2024 yrðu a.m.k.10% auglýstra starfa án staðsetningar. Ríkisstjórnin samþykkti á miðju ári 2019 að skipa verkefnahóp til að undirbúa sérstakt átak á vegum Stjórnarráðsins í því skyni að skilgreina störf í ráðuneytum og stofnunum þess og auglýsa þau án staðsetningar.

Það er mat þess sem hér skrifar að eftirtekja þeirra góðu áforma og viðmiða sem fram eru sett í byggðaáætlun sé nokkuð rýr. Það er mjög mikilvægt að ríkið, ráðuneyti sem og stofnanir, taki alvöru stöðu hvað varðar að veita fólki möguleika á að velja sér búsetu óháð staðsetningu stofnunar eða ráðuneytis.

Lagt er til að þingmenn beiti sér að krafti fyrir því að ráðuneyti og stofnanir ríkisins vinni markvisst að því að auka hlut starfa án staðsetningar sem og að tækifæri nýrrar tækni og þróunar verði nýtt til að flytja opinber störf út á landsbyggðina.

Skíðasvæði Skarðsdal

Líkt og áður hefur komið fram á fundum sem þessum þá hefur hluti skíðasvæðisins í Skarðsdal á Siglufirði verið skilgreint sem snjóflóðahættusvæði. Um var að ræða ákvörðun í kjölfar reglugerðarbreytingar og áhættumats ríkisins. Afleiðingar þessa eru umtalsvert tjón á skíðasvæðinu sem upphaflega var reist í fullum rétti, í samræmi við regluverk þess tíma. Leitað hefur verið til Ofanflóðasjóðs mörg undanfarin ár um aðkomu hans í því skyni að bæta það tjón sem af þessum breyttu reglum hefur hlotist, sem honum er í lófa lagið að bæta skv. gildandi reglum, en án árangurs.

Lausn þessa máls er því meira aðkallandi þar sem Fjallabyggð hefur mótað sínar framtíðaráherslur, varðandi ferðaþjónustu, að hér verði viðkomustaður ferðamanna að sumri

sem vetri með fjölþættri afþreyingu og að á veturna sé lögð áhersla á þá fjölbreyttu skíðaparadís sem er í sveitarfélaginu. Markmið sveitarfélagsins er að hér verði rekin heils árs ferðapjónusta og fullyrða má að það markmið hafi náðst. Fyrrgreint hættumat á skíðasvæðinu hefur í reynd skotið stoðum undan þessari stefnumótun hvað vetrartímenn varðar. Því er málið mjög aðkallandi og aðkoma ríkisins mikilvæg ef haldast á hér öflug heils árs ferðapjónusta.

Nú er framundan að ljúka veglagningu upp fjallið og flutningi skíðasvæðisins, flutningur skíðasvæðisins er fjarri að fullu fjármagnaður og mjög mikilvægt að Ofanflóðasjóður komi þar að eða ríkið með sértækum stuðningi.

Lagt er að þingmönnum að beita sér fyrir því að Ofanflóðasjóður bæti eiganda skíðasvæðisins það tjón sem orðið er og eða er fyrirsjáanlegt. Álit Fjallabyggðar er að sjóðnum sé bæði skylt og heimilt að bæta tjón á mannvirkjum í Skarðsdal. Það er því fyrst og fremst pólitískur vilji sem þarf svo hægt sé að fara að reglum varðandi bótagreiðslur.

Breytt umgjörð úrgangsmála

Nú hefur lögum um meðhöndlun úrgangs verið breytt og unnið er að innleiðingu þeirra. Vel má halda því fram að um miklar breytingar sé að ræða þegar horft er til umræddrar lagabreytingar og tengdra breytinga á regluverki. Eins og málið lítur út núna þá virðist ekki vera búið að útfæra þær reglur sem hafa verið settar, þ.e. hvernig þær verða framkvæmdar og hvaða lausnir eru í boði. Umræðan hefur þó verið með þeim hætti að banna eigi urðun að mestu. Þá eru uppi áform um að byggja brennslu á suðvestur horninu. Margt bendir til þess að flestir farvegir úrgangs muni beinast að Reykjavíkursvæðinu. Allt þetta veldur okkur áhyggjum vegna kostnaðar sem mun falla á landsbyggðina, heimili sem og fyrirtæki, vegna flutnings á úrgangi suður yfir heiðar, verði það niðurstaðan.

Á það er einnig bent á í þessu samhengi að lögin og annað regluverk, sem ætlað er að móta framkvæmdina, ber með sér að flokkuðum úrgangi skuli safna við húsvegg og að endanlegt takmark sé að 75% kostnaðar vegna söfnunar og förgunar falli beint á þann sem hendir, þ.e. fólk og fyrirtæki. Með þessu er verið að færa kostnað sem greiddur hefur verið að hluta eða öllu úr sameiginlegum sjóðum yfir á einstaklinga án þess að mikil umræða hafi átt sér stað um áhrif þessa á landsbyggðina. Margt í málinu er að því er virðist algjörlega óútfært en ljóst að kerfinu, tæknilausnum, búnaði og rekstri, mun fylgja mikill kostnaður fyrir sveitarfélög, íbúa þeirra og fyrirtæki sem þar setja sig niður.

Ekki verður séð á þeim gögnum sem fylgja umræddri breytingu að vel grundað kostnaðarmat hafi farið fram á áhrifum breytinga á hag sveitarfélaga, heimila og fyrirtækja hvorki heildstætt né hvað varðar t.d. fjórðunga á landsbyggðinni eða einstök dreifbýl svæði.

Lagt er til að þingmenn hafi forgöngu um að fram fari ítarlegt kostnaðarmat á fyrrgreindum breytingum í úrgangsmálum og að það mat taki mið af fullri innleiðingu umræddra breytinga og tengdri fjárfestingu. Greining miðist við einstök svæði landsins og áhrif breytinga á lífskjör íbúa og rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Ýmsir punktar

Að lokum eru hér nokkrir punktar er varða önnur mál...

- ... Mikilvægt er að þingmenn standi með sveitarfélaginu hvað varðar áframhaldandi þróun á starfsemi Landhelgisgæslunnar hér í Fjallabyggð. Þar eru mikil tækifæri hvað varðar t.d. uppbyggingu björgunarmiðstöðvar fyrir norðurslóðir og hafið norður af landinu.
- ... Upplifun okkar er að innviðaupbygging sem lofað var í kjölfar óveðurs í lok árs 2019 er um sumt ekki í samræmi við það sem um var rætt á sínum tíma. Þar er sérstaklega horft til afhendingaröryggis og flutningsgetu raforku hingað yst á Tröllaskaga.
- ... Mikilvægt er að þingmenn kjördæmisins standi að baki mjög svo þörfum öryggisúrbótum á þjóðveginum í gegnum Ólafsfjörð og Siglufjörð. Þar ber hæst breytingu á gatnamótum í miðbæ Siglufjarðar. Sú framkvæmd er mjög aðkallandi , enda um að ræða svokallaðan svartan blett á vegakerfinu. Segja má að vegurinn liggir eftir bæjarkjörnunum endilöngum og því mikil umferð gangandi vegafarenda um veginn, samhliða honum og yfir hann.
- ... Fjallabyggð hefur á undanförunum mánuðum unnið að breyttri framkvæmd hvað varðar þjónustu við eldra fólk. Það verkefni felur í sér að samræma þjónustu, bæta upplifun og sjálfstæði eldri borgara með t.d. meiri nýtingu á þeirri tækni sem kann að vera til staðar sem aftur eykur möguleika fólks til að búa lengur heima hjá sér við sjálfstæði og góð lífsgæði. Verkefnið er unnið í samvinnu við ráðuneyti, Sjúkratryggingar Íslands, HSN, Veltek o.fl. Um er að ræða verkefni sem fellur mjög vel að drögum að stefnu í málefnum aldraðra og verkefnum er varða nýtingu tæknilausna í dreifðum byggðum.

Fjallabyggð 15.02 2022

*Elías Pétursson
bæjarstjóri*